



AKRANESKAUPSTAÐUR		
Skj.nr. 2.20.3	Mótt. af Gró	Mótt. dagur 16 MARS 2016
Áb.m. RA	Úrv.aðili St. A	Afrit RA/St.A
Símtal	Tölvup.	Fax SAS
Svarfr.	frún.mál	Fskj.
Málsnr. One 1603106		

Akraneskaupstaður  
b.t. bæjarstjóra  
Stilholti 16-18  
300 Akranes

Borgarnesi 10.03.2016  
nr. erindis 1603002 EÓ


Á árinu 2015 var mikil umræða innan sveitarstjórnar Borgarbyggðar um hagræðingu í rekstri sveitarfélagsins og m.a. skipaðir vinnuhópar um ýmis mál t.d eignir Borgarbyggðar. Í álitum vinnuhópsins er m.a. rætt um eignarhlut Borgarbyggðar í Orkuveitu Reykjavíkur en sveitarfélagið á 0,93% hlut í félaginu.

Vinnuhópurinn lagði til að farið verði í verðmat á fyrirtækinu í samvinnu við meðeigendur. Í framhaldi af því verðmati verði skoðað hvort selja eigi hluta af eignarhlutanum eða jafnvel allan.

Á fundi byggðarráðs Borgarbyggðar 03. mars .s.l. var rætt um málið og var undirrituðum falið að óska eftir viðræðum meðeigendur um þátttöku í að láta fara fram verðmat á Orkuveitu Reykjavíkur.

Þessari beiðni er hér með komið á framfæri.

Virðingarfyllst,

  
Eiríkur Ólafsson  
fjármálastjóri

